

Sp.

54. Tillaga til þingsályktunar

[53. mál]

um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Sú akbraut, sem hér um ræðir, er ein fjölfarnasta hér á landi, og um hana fara miklir og ólíkir flutningar.

Um það bil 10 þús. bifreiðar aka þessa leið daglega, og er það mjög eðlilegt, þar sem hér er um að ræða tengibraut á milli þéttbýlustu byggðarlaga landsins.

Á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eykst byggðin stöðugt, svo að segja má, að samfelld byggð sé orðin á öllu þessu svæði. Líklegt má telja, að á næstunni verði endanlega gengið frá skipulagi Fossvogssvæðisins og byggingar hafnar þar. Kópavogskaupstaður stækkar ört, og atvinnulíf og framkvæmdir verða þar væntanlega með miklum blóma í nálægri framtíð. Innan skamms hefjast byggingar á Arnarnesi, og skipulögð byggð á þeim svæðum Garðahrepps, sem nálægt þessari akbraut liggja, fer vaxandi. Ætlað er, að þar rísi og iðnaðarhverfi á næstunni, og þegar er tekinn til starfa skipaiðnaður við Arnarnesvog. Í Hafnarfirði er byggðin þéttust og fólksfjöldinn mestur. Þar eykst útgerð og fiskframleiðsla, og iðnaður fer þar vaxandi.

Notkun vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er löngu komin í hámark. Hin öra fólksfjölgun á þessu umrædda svæði svo og aukið athafnalíf í þessum byggðarlögum kallar á skjótar aðgerðir í þessu máli, ella hafa þau mikinn skaða af, eins og t. d. Hafnarfjarðarkaupstaður, en þar er ekki hægt að nýta höfnina nema að litlu leyti vegna þess, að akbrautin milli þessara byggðarlaga getur á engan hátt annað þeirri umferð, sem því væri samfara.

Höfnin í Hafnarfirði er þegar orðin talsverð kaupskipahöfn, og um hana fara miklir oliuflutningar til oliudreifistöðvarinnar. Bæjaryfirvöldin í Hafnarfirði hafa í hyggju byggingu mikilla vöruskemma nærri höfninni, og má í því sambandi hugsa sér frihafnar­svæði þar. Með byggingu vöruskemma í Hafnarfirði verður skipafélögunum sköpuð sú aðstaða, að trúlega verður eftirsótt af þeirra hálfu að ferma og afferma skipaflotann í Hafnarfirði, ef samgöngur byggðarlaganna væru þannig, að flutningur í stórum stíl gæti átt sér stað til og frá Hafnarfirði. En svo er ekki nú, eins og áður er fram tekið.

Það, sem hér hefur verið nefnt, og reyndar ótalmörg frekari rök hníga að því, að bráðnaudsynlegt er að hefja svo fljótt sem unnt er undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar. Þó skulu nefnd tvö atriði til viðbótar.

Vonir standa til, að hinni miklu framkvæmd byggingar Reykjanesbrautar verði lokið á næstu tveimur árum. Skapast þá stórkostlegir möguleikar til ýmiss konar nýjunga í atvinnurekstri byggðarlaganna suður með sjó, samfara því að miklar hafnarbætur verða væntanlega hafnar í hinum vel staðsettu höfnum við beztu fiskimið Suðvesturlands. Er þá líklegt, að í vaxandi mæli verði aukning á þeim fiskiflutningi, sem þegar á sér stað frá höfnum suður á Reykjanesi til Hafnarfjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur. En slíkir flutningar krefjast góðra vega og greiðfærra.

Hitt atriðið er slysa­hættan, sem óneitanlega er í hinni þröngu og erfiðu umferð vegna byggðar­hverfanna sitt hvorum megin vegarins. Hefur áður verið á þá hættu bent hér á Alþingi og ályktun gerð til þess að draga úr slysa­hættu nú þegar. Hafa verið hafnar framkvæmdir í þeim efnum, og vonir standa til, að því verði haldið áfram. Hitt virðist auðsætt, verði tillaga þessi samþykkt, að vegamálastjórnin geri ráð fyrir margvíslegum öryggisútbúnaði til þess að tryggja sérstaklega ferðir gangandi fólks.